Nd. 417. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl. (þgskj. 375).

Frá bjargráðanefnd.

Háttv. Ed. hefir samþykt nokkrar breytingar á orðalagi frumv., og eru flestar þær breytingar heldur til skemda; frv. fært til verra máls en áður var á því. Tvær efnisbreytingar smávægar hefir Ed. og gert á frv., þær:

1) *að* mánaðarleiga eftir brauðgerðarhús skuli fyrir fram goldin, í stað eftir á, og
2) *að* skila skuli brauðgerðarhúsum með 3 mánaða fyrirvara, í stað 2.

Nefndin telur rjett að ráða hv. deild til að samþykkja frv., eins og Ed. hefir skilað því.

Alþingi, 11. ágúst 1917.

Einar Arnórsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi. Jörundur Brynjólfsson, framsögumaður.

Pjetur Jónsson. Pjetur Ottesen. Þorsteinn M. Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.